

21
13. marz

10. gr.
Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-
reglumál.

11. gr.
Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1935.

Fjármálaráðuneytið, 13. marz 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

22
15. marz

REGLUGERÐ

um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Um löggildingu mjólkurbúa og eftirlit með þeim.

1. gr.

Mjólkurbú þau, er starfa vilja og hljóta réttindi samkvæmt lögum um sölu mjólkur, rjóma o. fl., og reglugerð þessari, skulu vera viðurkennd og lög-gilt af landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Mjólkursölunefnd annast þá athugun mjólkurbúa, er fram þarf að fara, samkvæmt reglugerð þessari, til þess að þau geti hlotið slíka löggildingu, og gerir tillögur um löggildinguna til landbúnaðarráðherra. Skal sú athugun framkvæmd af þriggja manna skoðunarnefnd, tveimur úr mjólkursölunefnd-
inni og þriðja, er sé sérfræðingur í mjólkuriðnaði. Skal það vera ráðunautur landsstjórnarinnar á því sviði, ef þess er kostur, ella annar maður, er nefnd-
in velur.

3. gr.

Nú óskar eitthvert mjólkurbú að fá löggildingu. Skal þá stjórn búsinu senda mjólkursölunefndinni umsókn, stílaða til landbúnaðarráðherra, um að löggilding fari fram. Umsókninni skal fylgja:

1. Eitt eintak af lögum félags þess, er á búið og rekur það, ef um samvinnu-
félag eða hlutafélag er að ræða.
2. Uppdráttur af búinu.

3. Greinileg lýsing á búinu. Vélakosti þess, starfshætti véla og afköstum **22**
(teknisk lýsing). Skal fylgja lýsingunni uppdráttur af fyrirkomulagi véla **15. marz**
í búinu.
4. Vottorð frá viðkomandi héraðslækni um að hann hafi skoðað bóuð og kynnt sér húsakynni þess, umgengni og meðferð mjólkur og mjólkurvara, ef bóuð er tekið til starfa. Skal í vottorðinu felast ákveðin umsögn um þessi atriði, og hvernig þau fullnægi heilbrigðiskröfum.
5. Aðrar upplýsingar, er forráðamenn búans telja máli skipta, eða mjólkursölunefnd kann að óska eftir.

4. gr.

Að fengnum þessum upplýsingum lætur nefndin fara fram þá athugun og rannsókn á búinu, er hún telur fullnægja. Skal forstjóri búans, og forráðamenn, láta skoðunarnefnd í té þær upplýsingar og þá aðstoð, er hún kann að óska eftir, til þess að skoðun búans geti orðið sem ítarlegust og náð sem bezt tilgangi sínum.

5. gr.

Að lokinni skoðunargerð og fenginni skýrslu skoðunarnefndar, sendir mjólkursölunefnd tillögur sínar um löggildingu til landbúnaðarráðherra, er tekur endanlega ákvörðun um löggildinguna og gefur út tilkynningu um hana. Í löggildingu skal tekið fram til hvaða starfsgreina mjólkurbúsrekstrar og mjólkuriðnaðar löggildingin náí. Ennfremur hvort búinu ber skylda til að gerilsneyða mjólk fyrir aðra en félagsmenn þess.

6. gr.

Nú fer fram veruleg breyting á löggiltu mjólkurbúu, húsakynnum þess, vélakosti þess eða öðru, er máli skiptir. Skulu þá forráðamenn tilkynna það mjólkursölunefnd, er tekur ákvörðun um hvort ný skoðunargerð skuli fram fara á búinu. Að lokinni skoðunargerð — ef slík fer fram — gerir mjólkursölunefnd tillögur til landbúnaðarráðherra um hvort ný löggilding skuli fara fram eða eigi.

7. gr.

Mjólkursölunefnd skal ætíð heimill aðgangur að mjólkurbúum til athugunar og eftirlits, og skal forráðamönnum búa skylt að láta henni í té allar þær upplýsingar, er hún kann að óska eftir, um rekstur þeirra og afkomu. Mjólkursölunefnd getur í sambandi við eftirlit með búunum krafizt tryggilegs lækniseftirlits með heilbrigði og heilsufari þeirra manna, er starfa við þau að meðferð mjólkur og vinnslu. Getur hún lagt forráðamönnum búanna ákveðnar skyldur á herðar um slíkt eftirlit, í samráði við landlækni.

8. gr.

Nú finnur mjólkursölunefnd ástæðu til þess, að koma fram með aðfinnslur við forráðamenn einhvers mjólkurbús, viðvikjandi einu eða öðru, er hún

- 22 telur óviðunandi hjá mjólkurbúinu, hvort sem er ástand húsa, véla, umgengni, rekstur eða annað, skal hún þá tilkynna viðkomandi aðiljum athugasemdir sínar skriflega, og ákveða frest til lagfæringar. Fáist eigi sú leiðrétting eða umbætur, er nefndin hefir farið fram á, skal hún vekja athygli landbúnaðarráðherra á því sem um er að ræða, og getur hann þá, eftir tillögum mjólkursölunefndar, svipt bú það, er í hlut á, löggildingu og rétti til að starfa samkvæmt lögum um sölu mjólkur og rjóma o. fl., að einhverju eða öllu leyti.

9. gr.

Að öðru leyti annast mjólkursölunefnd eftirlit með mjólkurbúum og rekstri þeirra, samkvæmt lögum um sölu mjólkur og rjóma o. fl., eftir því sem henni þykir við þurfa á hverjum tíma, eða landbúnaðarráðherra óskar eftir.

10. gr.

Allan beinan kostnað, er leiðir af löggildingu mjólkurbúa, skulu búin sjálf greiða, hvert fyrir sig. Telst þar til kostnaður skoðunarnefndar við undirbúning og skoðunargerð, ferðalög í sambandi við hana og annar slíkur kostnaður, er eigi verður hjá komizt.

II. KAFLI

Verðjöfnunarsvæði.

11. gr.

Við sölu mjólkur og rjóma skal landinu skipt í verðjöfnunarsvæði og markar sú aðstaða skiptinguna, að hægt sé á aðalmarkaðsstað, eða markaðsstöðum svæðisins (kaupstöðum og kauptúnum) að selja daglega góða og óskemmda mjólk, og rjóma, framleidda á svæðinu, frá mjólkurbúum einu eða fleirum sem þar starfa, og viðurkennd eru til þess af landbúnaðarráðherra.

Þegar verðjöfnunarsvæði eru ákveðin skal taka sem fyllst tillit til þess, hvaða mjólkurbú og mjólkurframleiðendur hafa notið markaðar í hlutaðeigandi kaupstöðum og kauptúnum.

12. gr.

Verðjöfnunarsvæði skulu ákveðin jafnóðum, og eftir því, sem aðstaða skapast til mjólkurbúsreksurs og skipulagðrar mjólkursölu, enda sé kaupstaður eða kauptún, sem ekki fellur undir annað verðjöfnunarsvæði sem áður er ákveðið, innan takmarka hins nýja verðjöfnunarsvæðis.

Heimilt er mjólkursölunefnd, ef hagkvæmt þykir, að sameina verðjöfnunarsvæði, eða breyta takmörkum þeirra.

13. gr.

Öllum mjólkurframleiðendum er óheimilt að selja nýmjólk, rjóma eða nýtt skyr utan þess verðjöfnunarsvæðis sem þeir eru á. Mjólkursölunefnd get-

ur þó leyft slíka sölu, enda setji þeir er slíkt leyfi fá fulla tryggingu fyrir greiðslu 22
verðjöfnunargjalds af vörinni. 15. marz

III. KAFLI

Verðjöfnunargjald.

14. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram fer dagleg sala á mjólk og rjóma frá viðurkenndu mjólkurbúi eða samsölu viðurkenndra mjólkurbúa skal gjald er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neyzlumjólk, og rjóma, sem seld er, hvort sem salan fer fram frá mjólkurbúi, samsölu mjólkurbúa, eða einstaklingum þeim, er selja kunna ógerilsneydda neyzlu- eða barnamjólk beint til neytenda samkvæmt heimild frá mjólkursölunefnd.

Gjald þetta má nema allt að 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, en heimilt er þó að hækka gjaldið, ef sérstök þörf krefur, þó aldrei meira en allt að 8%, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

15. gr.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar eða kauptúns, sem hún er seld í. Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara af túni og hlutfallslega fyrir brot úr hektara, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins. Undanþágur reiknast á þann hátt, að mjólkurmagni því er framleiðandi selur er mánaðarlega deilt með kúatölu hans. Greiðist verðjöfnunargjaldið af mjólkurmagni því sem verður umfram þá kúatölu er svarar til tústærðar hans.

Dæmi: Framleiðandi hefir 5,5 ha. tún. Í jan. hefir hann 6 kýr, sem hafa borið einu sinni eða oftar, og selur 1500 lítra af mjólk, eða 250 lítra á kú. Kúafjöldi umfram tústærð er $\frac{1}{2}$ kýr. Greiðir þá maðurinn verðjöfnunargjald af hálfri kýrnyt eða 125 litrum. Sami maður hefir í okt. 6,25 kýr (6 kýr allan mánuðinn og þá 7. $\frac{1}{4}$ af mánuðinum), og selur 1000 lítra af mjólk, eða 160 lítra á kú. Kúafjöldi umfram ha. tölu er 0,75. Verðjöfnunargjald greiðist af $160 \text{ l.} \times 0,75 = 120 \text{ l.}$

Framleiðendur þeir er njóta undanþágu verðjöfnunargjaldsins samkvæmt þessum ákvæðum skulu á hverjum tíma sanna fyrir þeim aðila sem annast innheimtu verðjöfnunargjalds, tústærð sina og kúafjölda.

16. gr.

Mjólkursölunefnd hefir yfirumsjón með innheimtu og varðveislu verðjöfnunargjalds. Skal það lagt í sérstakan sjóð fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Nefnast sjóðir þessir verðjöfnunarsjóðir. Þá skal geyma í Landsbanka Íslands, Búnaðarbankanum eða á öðrum jafntryggum stað. Verðjöfnunargjald skal

22 greitt eftir á i byrjun hvers mánaðar, og má innheimta það með lögtaki hjá seljendum mjólkurinnar, hvort sem það er mjólkurbú, samsölur, eða einstaklingar, sbr. 14. gr. þessarar reglugerðar, enda skal mjólkurbúum og samsölum ætíð skylt, er þau greiða meðlimum sínum eða öðrum, andvirði mjólkur þeirrar er þau taka til meðferðar og sölu, að halda eftir því fé, er þarf til greiðslu verðjöfnunargjaldsins. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða verðuppbót á þá mjólk sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á viðkomandi verðjöfnunarsvæði. Verðuppbætur skal reikna þannig, að sem jafnast verð fái fyrir vinnslumjólkina á hverju verðjöfnunarsvæði, hvaða vörur sem unnar eru úr henni. Aldrei skal greiða verðuppbót á skyr, sem framleitt er úr mjólk, sem tilfelli frá þeim rjóma, sem seldur er, enda sé skrymagníð í eðlilegu hlutfalli við rjómasöluna.

17. gr.

Mjólkursölunefnd getur leyft að niður falli greiðsla verðjöfnunargjalds á einhverju verðjöfnunarsvæði, ef mjólkurframleiðendur á því svæði koma sér saman um ákveðið verð til framleiðenda á svæðinu, með eða án ákveðinna hlutfalla í sölu mjólkur, rjóma og annara mjólkurafurða á aðalmarkaðsstöðum innan svæðisins, eftir fjarlægð frá markaðsstöðunum og öðrum staðháttum. Setur mjólkursölunefnd ákveðnar reglur um þau atriði eftir því sem þörf krefur á hverjum stað, sem slíkt fyrirkomulag er leyft.

IV. KAFLI

Um útsöluverð á mjólk og rjóma og öðrum mjólkurvörum.

18. gr.

Útsöluverð á mjólk, rjóma og öðrum mjólkurvörum á hverjum þeim sölu stað innan verðjöfnunarsvæðis þar sem fram fer reglubundin sala á mjólk og mjólkurvörum frá mjólkurbúi eða samsölu, skal ákveðið af 5 mönnum. Tveir þeirra skulu vera úr stjórn hlutaðeigandi mjólkurbús eða samsölu, tveir tilnefndir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, en oddamann skipar landbúnaðarráðherra.

19. gr.

Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður komið, eftir vísitölum er sýni sem gleggst framleiðslukostnað mjólkurinnar og kostnað við meðferð hennar, dreifingu og sölu. Framleiðslukostnaður telst allur kostnaður við framleiðslu mjólkurinnar á framleiðslustaðnum og flutningur hennar til viðkomandi mjólkurbús. Sölu kostnaður telst í einu orði allur kostnaður við meðferð mjólkurinnar í viðkomandi mjólkurbúi, flutningur mjólkur og mjólkurvara þaðan á sölustað eða til samsölu, og allur annar kostnaður við dreifingu og sölu.

20. gr.

Jafnóðum og verðjöfnunarsvæði eru ákveðin skal finna verðstuðla, er gildi fyrir þau, sbr. 19. gr. þessarar reglugerðar. Skal verðlagsnefnd sú, er um getur í 18. gr. setja sér ákveðnar reglur um útreikning verðstuðla og annað, er viðkemur verðlagningu á mjólk, rjóma og öðrum mjólkurvörum. Getur landbúnaðarráðherra ákveðið að hagstofustjóri og maður tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands taki þátt í að finna grundvöll fyrir slíkum reglum og vinni með verðlagsnefnd að setningi þeirra. Reglur þær, er settar verða á þann hátt, skulu bornar undir álit landbúnaðarráðherra og hljóta eigi gildi fyr en þær ná samþykki hans.

22

15. marz

21. gr.

Í reglum þeim, er settar eru um verðlagningu á mjólk, rjóma og öðrum mjólkurvörum skulu, að því er nær til framleiðslukostnaðar, fyrst og fremst eftirtaldir kostnaðarliðir teknir til greina og í þeim hlutföllum, er réttmætt virðist:

1. Kaupgjald, 2. fæðiskostnaður, 3. fóðurbætir, 4. tilbúinn áburður, 5. opinber gjöld, 6. eftirgjald, 7. vextir. Að öðru leyti ákveður verðlagsnefnd og menn þeir, er taka þátt í að setja reglur um verðlagningu samkvæmt 20. gr. þessarar reglugerðar, hver atriði framleiðslu- og sölukostnaðar eru lögð til grundvallar við verðlagninguna og í hverjum hlutföllum.

22. gr.

Verðlagning á mjólk og rjóma og öðrum mjólkurvörum skal fara fram eins oft og mjólkursölunefnd ákveður, að jafnaði eigi oftari en einu sinni á ári, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, svo sem óvenjulegar verðsveiflur eða framleiðsluvandræði sökum harðinda o. s. frv.

23. gr.

Ef mjólk, rjómi eða aðrar mjólkurvörur eru fluttar milli verðjöfnunarsvæða, og ágreiningur verður um heildsöluverð á vörum þessum, sökum mismunandi verðlags á hinum einstöku verðjöfnunarsvæðum, skal mjólkursölunefnd ákveða verð á vörunum.

V. KAFLI

Um samsölu á mjólk, rjóma, nýju skyri og öðrum mjólkurvörum.

24. gr.

Þar sem aðeins eitt mjólkurbú er starfandi á verðjöfnunarsvæði skal það annast alla sölu og dreifingu á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins. Tekur sá réttur einnig til þeirrar mjólkur, sem er undanþegin verðjöfnunargjaldi samkvæmt 15. gr. þessarar reglugerðar.

22 Þar sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði
15. marz skulu þau hafa samsölu á þessum vörum þannig, að öll sala og dreifing þeirra fari fram frá einni sölumiðstöð.

Öllum öðrum en hlutaðeigandi mjólkurbúum, eða samsölum þeirra, er óheimilt að selja mjólk, rjóma eða nýtt skyr í þeim kaupstað eða kaupstöðum, sem starfs og söluréttur þeirra nær til. Stjórn mjólkurbús eða samsölu getur þó veitt leyfi til þess að dreifa þar mjólk sem gjöfum eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns, þyki henni sérstök ástæða til. Sömuleiðis er framleiðanda ætíð heimilt að taka í þarfir heimilis síns til neyzlu þar mjólk þá, er hann framleiðir á heimilinu, og er sú mjólk undanþegin gerilsneyðingarskyldu.

25. gr.

Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, ákveðið að viss kauptún, sveitir eða hluti úr sveitum, skuli tekið undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölumiðstöðva þeirra þar sem um samsölu er að ræða.

Auk neyzlumjólkur, rjóma og nýs skyrs, hafa samsölur mjólkurbúa heimild til að taka í sínar hendur sölu og dreifingu á öllum öðrum mjólkurvörum, er viðkomandi mjólkurbú framleiða.

26. gr.

Heimilt er mjólkursölunefnd að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, að velja um hvort þeir afhenda sölumjólk sína til viðkomandi mjólkurbús eða samsölu og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkvæmt 15. gr. þessarar reglugerðar, eða selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni fullt verðjöfnunargjald. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú, sem borið hefir einu sinni eða oftar. Þeir, sem að fengnu leyfi selja mjólk sína þannig beint til neytenda, skulu mánaðarlega gefa viðkomandi mjólkurbúi eða samsölu upplýsingar um kúatölu sína samkvæmt vottorði frá dýralækni þeim, er eftirlit hefir með mjólkurframleiðslu þeirra samkvæmt VII. kafla þessarar reglugerðar. Skal verðjöfnunargjaldið reiknað og greitt eftir því með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

Mjólkursölunefnd getur svipt mjólkurframleiðanda leyfi til beinnar sölu til neytenda, ef hann hlýðir eigi settum reglum, eða ef henni þykir hann misbeita heimild sinni eða nota hana gagnstætt tilgangi laga og reglugerðar.

Við framleiðslu og meðferð mjólkurinnar skal þeim, er hljóta leyfi til beinnar sölu, skylt að hlíta í öllu fyrirmælum í VI. og VII. kafla þessarar reglugerðar.

27. gr.

Skylt er mjólkurbúum og samsölum, sem annast sölu á neyzlumjólk, rjóma og öðrum mjólkurvörum samkvæmt reglugerð þessari, að sjá um að ætíð sé

næg neytlumjólk til sölu, á þeim stöðum sem sölu- og dreifingarréttur þeirra nær til, svo framarlega sem framleiðsla er fyrir hendi, nema um óviðráðanlegar sölutruflanir sökum samgönguhindrana af völdum ísa og snjóa eða annars slíks, sé að ræða

22

15. marz

28. gr.

Öll mjólk og rjómi, sem mjólkurbú og samsölur annast sölu á samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur, rjóma o. fl., og reglugerð þessari, skal vera gerilsneydd af mjólkurbúum, sem löggilt eru til gerilsneyðingar á neytlumjólki og rjóma.

Gerilsneyðingarskyldan nær þó eigi til þeirrar mjólkur, sem mjólkurbú eða samsölur selja samkvæmt VII. kafla þessarar reglugerðar. Ennfremur gildir hún eigi um *barnamjólki* sem framleidd er og seld er samkvæmt VIII. kafla þessarar reglugerðar.

29. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem mjólkurbú eða samsala annast sölu og dreifingu á neytlumjólki, og mjólkurvörum, geta félög mjólkurframleiðenda myndað og rekið samsölu með viðkomandi mjólkurbúi eða mjólkurbúum, enda sé aldrei nema eitt slíkt félag innan hvers kaupstaðar eða kauptúns, er taki þátt í viðkomandi samsölu.

Heimilt er stjórn mjólkurbús eða samsölu að taka mjólk til meðferðar og sölu frá einstökum framleiðendum, sem eigi eru félagsbundnir meðlimir mjólkurbús eða framleiðendafélags á félagssvæðinu. Þó skulu slíkir einstakir ófélagsbundnir framleiðendur eigi hafa neinn atkvæðisrétt um kosningu stjórnar þess mjólkurbús eða samsölu, er þeir skipta við.

30. gr.

Landbúnaðarráðherra getur leyft, að einstök bú (kúabú), sem eru eign ríkis eða bæjarfélaga, eða rekin af þessum aðiljum, megi taka þátt í samsölu mjólkur og mjólkurvara, ef þau eru á verðjöfnunarsvæði þar sem slík samsala er rekin, enda hafi þau engan atkvæðisrétt um kosningu stjórnar samsöluunnar. Getur landbúnaðarráðherra selt sérstök ákvæði um slíka þátttöku, eftir því sem aðstæður benda til í hverju einstöku tilfelli, og í samráði við mjólkursölunefnd.

31. gr.

Þar sem svo stendur á sem segir í 29. og 30. gr. hér að framan um þátttöku framleiðendafélaga, einstaklinga eða búa, er ríki eða bæjarfélög eiga eða reka, í mjólkurbúi eða samsölu, getur landbúnaðarráðherra gert mjólkurbúum að skyldu, og sett sem skilyrði fyrir löggildingu þeirra, að þau taki mjólk þessara aðilja til gerilsneyðingar og meðferðar gegn sanngjörnu gjaldi, og getur ráðherra ákveðið hámark þess.

22

15. marz

32. gr.
Þar sem samsala á mjólk, rjóma og öðrum mjólkurvörum á sér stað samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. og reglugerð þessari, skulu mjólkurbú þau og framleiðendafélög, sem taka þátt í samsölunni, skipa stjórn sem annast alla sölu og dreifingu, og aðrar framkvæmdir samsöluunnar. Stjórnina skal skipa eftir ákveðnum reglum, er viðkomandi bú og félög setja sér um það, og landbúnaðarráðherra samþykkir.

VI. KAFLI

Almennar reglur um framleiðslu og meðferð mjólkur.

33. gr.

Allir mjólkurframleiðendur, sem afhenda mjólk til mjólkurbúa eða samsölu, skulu kosta kapps um, að framleiða hreina og ómengaða mjólk. Til þess að svo megi verða, skal sérstaklega taka fullt tillit til eftirfarandi atriða.

34. gr.

Fjósið verður að vera nægilega loftgott og hjart. Flór skal vera lagarheldur (t. d. steinsteyptur). Leiðslur úr flór í safnþró skulu vera útbúnar með vatnslásum, niðurföll í mykjukjallara eða dyr úr fjósi í mykjuhús skulu vera þétt, eftir því sem frekast verður við komið. Fjósinu skal haldið vel hreinu. Eigi má geyma í fjósinu aðra hluti en þá, sem notaðir eru til fjósverkanna. Annan búfenað en nautgripi skal helzt ekki hafa í fjósinu, en ef eigi verður hjá því komizt, skal hafa þá vel aðskilda frá mjólkurkúnum, og ef alifuglar eru hafðir í fjósinu, skal þeim haldið fullkomlega afkróuðum, svo fuglasaur berist ekki um fjósið, eða þeir valdi óþrifnaði á annan hátt.

Veggi og loft, milligerðir og aðra innviði skal hreinsa svo oft, að skúm, mygla, ryk og annar óþrifnaður safnist ekki fyrir. Fjósið skal kalkað innan eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Undirburð, sem veldur ryki (t. d. aska, þurr fín mómold), má ekki nota.

Sé salerni við fjósið, má ekki vera innangengt úr fjósinu í það, og með öllu er bannað, að nota fjósið sem salerni.

35. gr.

Kýrnar skulu vera vel hirtar, burstaðar daglega og haldið vel hreinum, svo mjólkinn óhreinast ekki. Bannað er að þvo kýrnar úr baðlyfjum, sem valda lykt, er geti mengað mjólkina (kreolinbaðlyf).

36. gr.

Mjaltafólk skal vera þrifalega klætt, helzt í sérstökum mjaltasloppum, og hreint um hendur. Júgur kúnna skulu hreinsuð á þann hátt, að strjúka

Þau með deigum klút áður en mjöltun fer fram. Kýr með þrymla í júgrum eða aðrar júgurskemmdir skulu ávallt mjaltaðar síðast. Mjólk, sem að útliti eða á einhvern annan hátt er frábrugðin venjulegri mjólk, t. d. vatnsþunn, slímkennd, strimluð, með annarlegum lit, lykt eða bragði, skal haldið algerlega aðskilinni frá annari mjólk. Slíkri mjólk má aldrei blanda saman við sölu-mjólk. Eigi má heldur mjólka hana niður í básana eða hella henni niður í fjósinu. Ekki má sía mjólkina í fjósinu, eða láta hana standa þar á meðan mjöltun fer fram. Ekki má moka flór eða gera hreint í fjósinu á annan hátt, eða bursta kýrnar, meðan á mjöltum stendur. Flórmokstri og ræstingu skal helzt lokið og loftið í fjósinu hreinsað með því að opna glugga eða loftrásir eigi síðar en 15 mín. áður en mjaltir byrja.

37. gr.

Broddmjólk (4—5 fyrstu mál eftir burð) má eigi blanda saman við sölu-mjólk, eigi heldur hreytlum úr geldstöðukúm.

38. gr.

Bannað er að mjólka í zinkvarin (galvaniseruð) eða ryðguð ílát, sömuleiðis að geyma mjólk eða flytja í slíkum ílátum. Mjólkurfötur eiga helzt að vera tinaðar eða úr alumínium, eða ryðfríu stáli, flutningsílát sömuleiðis. Mjólkin sé síuð um leið og henni er hellt í geymslu- eða flutningsílát, og skal nota til þess mjólkursigti með bómullarbotni (vattbotni). Sé ekki sérstakur mjólkurkleri til við fjósið, skal gæta þess, að sía mjólkina þar sem er loftgott og hreinlegt. Að loknum mjöltum og síun er mjólkin kæld í köldu, rennandi vatni, eða á annan hátt, sem bezt verður við komið. Loft þarf að geta komizt að mjólkinni meðan hún er að kólna, og mega ílátin því eigi vera algerlega lokuð meðan kæling fer fram. Öllum mjólkurílátum skal haldið vandlega hreinum, með daglegum þvotti úr kalkvatni, heitu vatni og með því að viðra þau. (Kalk og sóða má ekki nota við þvott á alumíniumílátum). Sé mjaltað með mjaltavélum, skal gæta ítarlegs hreinlætis við hirðingu þeirra, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um meðferð þeirra og notkun. Kýr, sem grunur leikur á að séu með júgurbólgu eða eru með þann sjúkdóm eða aðra júgursjúkdóma, skal ekki mjalta með vélum. Vandlega skal forðast að mjólkin frjósi, áður en hún er send af stað, og eftir því sem við verður komið meðan á flutningi stendur.

39. gr.

Á heimilum þeim, sem framleiða sölumjólk, skal viðkomandi embættis-dýralæknir árlega framkvæma dýralækniseftirlit með nautgripum, heilbrigði þeirra, hirðingu, umgengni í fjósi og öðru því, er lýtur að mjólkurframleiðslunni. Dýralæknir skal í samráði við viðkomandi mjólkurbú og samsölu, færa bækur, er beri með sér, hvernig hinum ýmsu atriðum, sem tilgreind eru í þessum kafla þessarar reglugerðar, er fullnægt á hverju einstöku heimili.

Komi fyrir áberandi júgurbólgutílfelli eða aðrir grunsamlegir sjúkdómar

22 í nautgripum á heimilum þeim, er framleiða sölumjólk, skal tafarlaust gera
15. marz viðkomandi mjólkurbúi eða samsölu aðvart og vitja dýralæknis.

40. gr.

Fólk, sem haldið er berklaveiki eða öðrum smitandi sjúkdómum, má eigi starfa að fjósverkum, hirðingu nautgripa, mjöltun eða öðru slíku. Sé berklaveiki á heimili, sem framleiðir sölumjólk eða komi þar fram önnur grunsamleg sjúkdómstílfelli, skal vitja læknis, og skal segja fyrir um, hvort mjólkursending frá heimilinu megi eiga sér stað eður eigi. Telji hann sjálfsagt eða varlegra að stöðva mjólkursendingu, skal hann tafarlaust tilkynna viðkomandi mjólkurbúi eða samsölu það.

VII. KAFLI

Um sölu á ógerilsneyddri mjólk.

41. gr.

Mjólkurbúum og mjólkursamsölum sem starfa samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og reglugerð þessari, er heimilt að selja ógerilsneydda mjólk, svo fullnægt sé þeirri eftirspurn eftir slíkri mjólk, sem fram kann að koma, að læknisráði. Um framleiðslu og meðferð þeirrar mjólkur, og mjólkur, er framleiðendur í kaupstöðum og kauptúnum kunna að selja beint til neytenda samkvæmt 5. gr. nefndra laga, gilda fyrst og fremst hin almennu ákvæði um framleiðslu og meðferð mjólkur, sbr. VI. kafla þessarar reglugerðar, ennfremur þau ákvæði, sem hér fara á eftir.

42. gr.

Fjósið verður að vera einkar hjart og loftgott og þannig um búið, að séð sé fyrir virkri loftraestingu. Það verður að vera rakalaust, eftir því sem frekast getur orðið um gripahús. Gólfíð verður að vera steinsteypt. Niðurföll í safnþró með fullkomnum vatnslásum og í mykjuhús með þéttum hlerum. Sömuleiðis skulu dyr, sem vera kunna á milli fjóss og mykjuhúss og annara gripahúsa, vera vel þéttar. Veggir og þak skal vera svo slétt, að hreinsun og kölkun sé auðveld. Ekki má vera innangengt úr fjósinu í votheysgeymslu.

Fjósið má ekki nota til neinnar geymslu, og annan búfénað en nautgripi má alls ekki hafa í því og eigi fleiri gripi en svo, miðað við gólfflöt, að rúm-gott sé til allrar umgengni. Lýsing fjóssins verður að vera svo góð, að auðvelt sé um allan þrifnað þess vegna, en sérstök áherzla skal lögð á, að vel sjáist til við mjöltun kúnna. Séð skal fyrir nægu drykkjarvatni, helzt sjálfrennandi, og svo góðu, að vel sé hæft sem neyzluvatn. Salerni skal vera við fjósið, og skal það vera vatnssalerni, ef þess er kostur. Skal því vera svo fyrir komið, að ekki stafi óþrifnaður af, og má undir engum kringumstæðum vera innangengt úr

fjósi eða mjólkurklefa í það. Salerni skal í öllu fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í heilbrigðissamþykkt viðkomandi kaupstaðar eða kaupsþúns. **22**

15. marz

43. gr.

Í fjósinu skal ætíð vera greiður aðgangur að útbúnaði til handþvotta, þvottaskál með sjálfrennandi vatni og skolpleiðslu, sápa, handbursti og hrein handklæði. Skal þvottaskálinni annað tveggja komið fyrir í sjálfu fjósinu, eða á öðrum þeim stað, að tafalaust sé fyrir fjósfólkið að nota hana. Ennfremur skulu ætíð vera fyrir hendi nægilega margir hreinir (soðnir) klútar til að hreinsa júgur kúnna og mjaltasloppar handa mjaltafólki. Milli mjalta skal geyma þessa hluti á þrifalegum, loftgóðum stað. Loks skulu vera í fjósinu nauðsynleg tæki til gólfræstingar og burstar og sköfur til að þrifa kýrnar og halda þeim hreinum.

44. gr.

Við alla umgengni í fjósinu skal gæta fulls þrifnaðar. Lokið skal við að gefa kúnum, bursta þær, bera undir þær og moka flór $\frac{1}{2}$ klst. áður en mjaltir byrja. Sá tími skal notaður til að loftræsta fjósið, svo sem best má verða. Til undirburðar skal nota sag og vélasþæni, en sé þess enginn kostur, þrifalegan heysalla eða hálm. Ef vothey er notað til fóðurs, má aldrei láta það liggja í fjósinu. Skal það gefið eins löngu áður en mjaltað er og frekast er hægt, og allar votheysleifar skulu vandlega hreinsaðar úr jötum og fluttar úr fjósinu, eigi síðar en $\frac{1}{2}$ klst. áður en mjaltir byrja. Jötur, ganga og gólf skal þrifa daglega. Ef sjálfbrynning er í fjósinu, skal hreinsa og skola drykkjarker vikulega.

Verja skal fjósið fyrir flugum, eftir því sem hægt er, og skal í því sambandi sérstaklega athuga, að fóðurleifar nái ekki að festast í jötum eða nein óhreinindi að safnast fyrir. Að öðru leyti skal verjast flugum með notkun flugnavarnarlyfja, sem samþykkt séu af dýralækni, er hefir eftirlit með fjósinu. Fjósið skal kalkað hátt og lágt, eins oft og þörf krefur, og eigi sjaldnar en haust og vor.

45. gr.

Kýrnar skulu fóðraðar þannig, að komizt verði hjá snöggum breytingum, og fóðrið skal vera svo alhliða samsett, að fullrar hollustu sé gætt. Ekki má fóðra með neinu fóðri, er valdi megnri lykt í fjósinu, t. d. ekki votheyi, nema það sé vel verkað og lyktargott. Ekki má nota neinn þann fóðurbæti, er vitað sé, að geti haft óheppileg áhrif á gæði mjólkurinnar, t. d. alls ekki lifur né of mikið af hráum fiskúrgangi; sildarmjöl má ekki nema meiru en 20% af fóðurbætisgjöfinni, enda sé eingöngu notað 1. flokks sildarmjöl. Þegar græn fóður er gefið, skal eigi gefa meira af því en um $\frac{1}{3}$ gjafar. Að öðru leyti getur dýralæknir sá, er hefir eftirlit með fjósinu, gefið fyrirskipanir um fóðrun kúnna, t. d. um gjöf lýsis, beinamjöls, fóðursalts o. fl.

22

15. marz

46. gr.
 Áður en mjaltir byrja, skal mjaltafólk sápuþvo hendur og handleggi og hreinsa og bursta neglur. Sömuleiðis skal það þvo hendur í hvert sinn sem mjaltafata er tæmd, og er það notar salerni meðan á mjöltun stendur. Um leið og mjaltir byrja, skal gera jógur kúnna hrein með því að þvo þau, ef þess gerist þörf, og þurrka á eftir, ella með því að þurrka af þeim með hreinum rökum klút, þurrundnum upp úr heitu vatni. Við mjaltir skal mjaltafólk klæðast hreinlegum mjaltasloppum með hálfermum (handleggir berir). Ætíð skal mjalta með þurrum höndum og undir engum kringumstæðum má væta fingurna í mjólkinni, eða í munnvatni sínu. Ef jógursmyrsl eru notuð, skal um val þeirra farið eftir ráðum dýralæknis þess, sem eftirlit hefir með fjósinu.

47. gr.

Broddmjólk, fyrstu 5 sólarhringana eftir burð, má eigi blanda saman við aðra mjólk úr fjósinu. Eigi heldur hreytlum úr geldstöðukúm, sem mjólka minna en 3 lítra á dag.

48. gr.

Mjólkurklefi skal vera við fjósið. Hann skal vera hjartur og loftgóður. Gólf steyppt og afrás fyrir vatn af því. Þar skal vera útbúningur fyrir kælingu mjólkur í hreinu, köldu rennandi vatni. Mjólkurklefinn skal vera kalkaður innan og kölkunin endurnýjast eigi sjaldnar en haust og vor. Þegar mjaltað er, skal jafnharðan bera hverja kýrnyt inn í mjólkurklefann og hella henni þar í ílát þau, sem hún er kæld í. Meðan á kælingu stendur, verður loft að komast að mjólkinni. Skal kælingin vera eins hröð og ítarleg eins og hægt er með vatnskælingu. Til þess að svo megi verða, skal kælivatnið að jafnaði ná upp fyrir yfirborð mjólkurinnar í ílátunum. Ef frost er í mjólkurklefanum, skal gæta þess, að mjólkin kólni ekki niður fyrir 1° C.

49. gr.

Sé mjólkin send mjólkurbúi, er annist hreinsun hennar og afhendingu til neytenda, skal hún send þangað ósíuð í sömu ílátum og hún var kæld í. Ílátin skulu vel lokuð, innsigliuð og greinilega merkt nafni framleiðanda og tilgreindur framleiðsludagur og mál. Kvöldmjólk og morgunmjólk má ekki blanda saman. Í mjólkurbúinu skal þess vandlega gætt að mjólk þessi blandist á engan hátt annari mjólk, sem búíð hefir til meðferðar, eða mengist á neinn hátt. Skal hún síuð í sérstakri þrýstisíu og flöskuð með sérstökum tækjum, sem eigi eru notuð fyrir aðra mjólk. Flöskurnar skulu merktar orðunum: *Ógerilsneydd mjólk*, og dagsetningu.

50. gr.

Fari fram sala eða sending á mjólk frá fjósinu beint til neytenda, skal sú mjólk vandlega síuð gegnum sigti með bómullarbotni (vattbotni) áður en hún er kæld. Mjólkina skal afhenda í vönduðum og hreinlegum ílátum

með góðum lokunarútbúningi og skulu kaupendur annast og ábyrgjast **22**
 hreinsun þeirra. Mjólkina má ekki fylla á flöskur og afhenda hana þannig, **15. marz**
 nema fyrir hendi sé, í sambandi við fjósið og mjólkurklefa þess, fullkominn
 útbúningur til hreinsunar á flöskum og flöskunar á mjólkinni, enda sé hann
 viðurkenndur af viðkomandi héraðslækni og trúnaðarmanni mjólkursölu-
 nefndar. Flöskurnar skulu merktar með orðunum: *Ógerilsneydd mjólk*, nafni
 framleiðanda, eða framleiðslubús og dagsetningu.

51. gr.

Ógerilsneydd mjólk, sem framleidd er og seld samkvæmt reglum þessum,
 skal vera komin í hendur neytenda áður en liðnar eru 24 klukkustundir frá
 mjóltun.

52. gr.

Mjólkurfötur, flutningsilát og önnur ilát, sem notuð eru við meðferð
 mjólkurinnar, skulu vera tinuð eða úr alumíníum eða ryðfriú stáli. Þau má
 eigi nota til neins annars, og eigi má geyma þau annarsstaðar milli þess sem
 þau eru notuð en í mjólkurklefa eða sérstöku herbergi, sem er útbúið og
 eingöngu notað til þess, enda sé það samþykkt af dýralækni þeim, sem ann-
 ast eftirlit með fjósinu. Að lokinni notkun skal ávallt gera öll slík ilát vand-
 lega hrein, innan og utan, með því að skola þau vandlega í köldu vatni og
 þvo þau úr tveimur heitum vötnum. Við hreinsunina skal nota sóða og kalk,
 ef efnið í ilátunum leyfir það (við hreinsun alumíníum má ekki nota sóða
 né kalk, en í stað þess sérstakt hreinsunarefni, sem til þess er ætlað). Síðan
 skal viðra ilátin og ganga frá þeim á geymslustaðnum. — Hreinsun ilátanna
 verður að fara þannig fram, að ekki sé samtímis og á sama stað unnið að
 hreinsun á neinu öðru, eða aðhafzt neitt það, er valdið geti óþrifnaði. Bursta,
 sem notaðir eru við hreinsun mjólkuriláta, skal sjóða iðulega og hirða sem
 hreinlegast. Skulu þeir geymdir (hengdir upp) á svölum stað og þrifalegum
 milli þess, sem þeir eru notaðir. Vatn, sem notað er til hreinsunar mjólkur-
 iláta, skal fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til góðs neyzluvatns.

Ef mjaltavélar eru notaðar, skal þeim alltaf vel við haldið, og við hreinsun
 þeirra skal fullnægja hinum ströngustu kröfum, sem gerðar eru um hreinsun
 slíkra véla. — Alger sundurtekning vélanna og aðalhreinsun skal fara fram
 eigi sjaldnar en einu sinni í viku. Milli mjalta skal geyma vélarnar í sérstök-
 um klefa, sem til þess er útbúinn, eða í mjólkurklefanum, ef hann er rúm-
 góður. Vélageymslan skal vera loftgóð, þurr og svöl, og skal hún hreinsast með
 kalkvatni eins og mjólkurklefinn.

53. gr.

Allir nautgripir á búinu skulu hafa staðizt berklarannsókn, skal slík rann-
 sókn endurtekin eins oft og héraðslæknir eða viðkomandi dýralæknir telur
 nauðsynlegt. Hænsni, sem kunna að vera á sama búi, skulu einnig athuguð, og
 virðist líkur benda til þess, að þau séu berklaveik, skal þeim tafarlaust slátrað.

22 Aldrei má bæta við aðfengnum nautgripum í fjósið, nema að undangeng-
15. marz inni berklarannsókn og skoðun þess dýralæknis, sem eftirlit hefir með fjósinu.
Kýr með jógurbólgu, legbólgu eða útferð úr leggöngum, mega ekki vera í fjósinu.

Verði vart einhverra veikinda í fjósinu, skal tafarlaust tilkynna það dýralækni.

54. gr.

Fjós og gripir skulu vera undir eftirliti viðkomandi embættisdýralæknis. Nær eftirlit hans einnig til allrar umgengni, fóðrunar gripa og meðferðar mjólkur. Skal hann koma í fjósið og framkvæma skoðun eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði, og oftast ef ástæða þykir til.

Dýralæknir skal stöðva sendingu á mjólk úr fjósinu til sölu án gerilsneyðingar, ef eitthvað það er áfátt um heilbrigði gripa, umgengni eða meðferð mjólkur, er sé svo athugavert, að hann telji að hætta geti stafað af því fyrir neytendur mjólkurinnar, eða valdið því, að mjólkinn geti ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem ætlazt er til, að hún geri.

Um leið og fjósskoðun fer fram, skal dýralæknir spyrjast fyrir um heilbrigði fólks þess, sem í fjósinu vinnur og tilkynna héraðslækni, ef hann verður þess var, að eitthvað sé athugavert við það.

55. gr.

Enginn má vinna í fjósinu nema hann hafi vottorð frá viðkomandi héraðslækni um að hann sé ekki haldinn berklaveiki né neinum öðrum smitandi eða óþrifalegum sjúkdómi. Slik vottorð skulu endurnýjast eigi sjaldnar en á ½ árs fresti. Veikist einhver, sem í fjósinu vinnur eða einhver á heimili hans, skal eigandi fjóssins sjá um að héraðslækni sé tafarlaust gert aðvart, og er honum þá skylt að gera þær ráðstafanir, er hann telur öruggar, og stöðva sendingu á mjólk frá fjósinu til sölu án gerilsneyðingar ef þörf krefur.

Héraðslæknir skal skoða fjósið ásamt dýralækni eigi sjaldnar en á ½ árs fresti og skal hann þá kynna sér ítarlega, hvort öll umgengni í því og meðferð mjólkurinnar og heilbrigðisástand starfsfólks og heimilisfólks fullnægi heilbrigðisreglum.

56. gr.

Mjólk, sem seld er ógerilsneydd samkvæmt reglum þessum, skal eigi vera með minna en 3,5% fitu. Leyfilegt er þó, að fitumagnið lækki um allt að 10%, eða ofan í 3,15% frá 15. nóvember til 15. marz. Eigi má blanda rjóma í mjólkina eða breyta fitumagni hennar á annan hátt eftir að hún kemur úr kúnum. Mjólkinn skal fitumæld og gæði hennar reynd (Reduktase-reynd) einu sinni í viku. Skal það gert á viðkomandi mjólkurbúi eða á opinberri rannsóknarstofnun, er fæst við slíkar rannsóknir. Nái mjólkinn ekki fyrsta flokki, skal sú stofnun, er annast rannsóknina, tafarlaust skýra viðkomandi héraðslækni og dýralækni frá því, svo rannsakað verði, hverju er áfátt og ráðin bót á því.

57. gr.

22

15. marz

Í vörzlum fjóseiganda skal vera til eftirlitsbók fyrir fjósið. Í hana skulu allar mjólkurkúr, sem eru í fjósinu, skráðar með nöfnum eða númerum, og einkennum, aldri, burðartíma og nythæð. Í hana skulu dýralæknir og héraðslæknir skrifa athuganir sínar, er fjósskoðun fer fram, svo bókin beri með sér á hverjum tíma, hvernig fullnægt er settum skilyrðum. Kostnað þann, sem leiðir af heilbrigðiseftirliti, fitumælingu og reynslu á gæðum mjólkurinnar, greiðir framleiðandi, nema öðruvísi sé um samið.

VIII. KAFLI

Um barnamjólk.

58. gr.

Ekki má selja ógerilsneydda mjólk undir nafninu *barnamjólk* nema gætt sé eftirfarandi fyrirmæla um framleiðslu hennar og sölu, auk þeirra atriða, sem tekin eru fram í VII. kafla þessarar reglugerðar, og að fengnu leyfi mjólkursölunefndar.

59. gr.

Ekki má vera innangengt úr fjósinu í nein gripahús og ekki mega aðrar kúr, eða gripir, vera í fjósinu en þær, sem barnamjólk er að staðaldri framleidd úr. Sjálfbrynning skal vera í fjósinu, og skulu kerin vera þannig útbúin, að vatn geti ekki runnið úr einu keru í annað.

60. gr.

Fólk það, sem vinnur í fjósinu, bæði að mjóltun og öðru, má eigi vinna fjósverk í öðrum fjósum, eða stunda neitt það starf, er smitunarhætta eða óþrifnaður stafi af fyrir framleiðslu barnamjólkurinnar.

61. gr.

Mjaltafólk og annað fólk, sem vinnur í fjósinu, skal gæta hins strangasta þrifnaðar í öllum störfum. Handþvott sinn, fyrir mjaltir og meðan á mjóltun stendur, skal það vanda gaumgæfilega.

Við mjaltirnar skal mjaltafólkið klæðast alhvítum mjaltasloppum, og ef handmjaltað er, skal það hafa grisjustykki fyrir munn og nefi meðan það mjólkur. Mjaltasloppa, grisjustykki, handklæði og jógurþurrkur skal skipta um daglega, svo þetta sé alltaf hreint og nýsoðið.

62. gr.

Ef mjaltavélar eru notaðar, skal gæta hins ítrasta þrifnaðar við alla notkun þeirra og hirðingu. Þær skulu geymdar í sérstökum, björtum og loftgóðum klefa, sem iðulega sé gerður hreinn með kalkþvotti. Við hreinsun þeirra skal

22 fylgja þeim ströngustu reglum, sem gilda um slíkar vélar. Við hina daglegu
15. marz hreinsun skal nota dauðhreinsunartæki (steriliseringartæki), enda séu tækin
og efni þau, sem kunna að vera notuð við hreinsunina, samþykkt af viðkomandi
héraðslækni.

Aðalhreinsun mjaltavélanna og alger sundurtekning skal fara fram einu
sinni í viku að vetrinum, en tvisvar í viku að sumrinu. Hreytlum þeim, sem eru
handmjólkaðar á eftir vélmjöltun, má eigi blanda saman við barnamjólkina.

63. gr.

Broddmjólk, fyrstu 6 sólarhringa eftir burð, má eigi selja sem barna-
mjólk, eða blanda saman við hana. Eigi heldur hreytlum úr geldstöðukúm, sem
mjólka minna en 4 lítra á dag.

64. gr.

Jafnóðum og mjólkin er borin úr fjósinu í mjólkurklefa skal hún kæld þar
í ísvatni eða með öðrum kæliútbúnaði niður í 4° C., en aldrei niður fyrir 1° C.

65. gr.

Að lokinni kælingu skal mjólkin fyllt á glærar flöskur og þeim lokað með
hettum úr alúminíum eða öðru efni jafngóðu. Flöskurnar skulu merktar með
orðinu: *Barnamjólk*, og nafni framleiðanda eða framleiðslubús. Hetturnar
skulu merktar með dagsetningu, og kvöldmjólk eða morgunmjólk eftir því
sem við á, ef mjólkin er seld kvelds og morgna.

Flöskun mjólkurinnar skal fara fram í sérstöku herbergi, sem ekki er notað
til annars, og hreinsun á flöskum í sérstöku þvottaherbergi, sem eingöngu er
notað til hreinsunar á flöskum og öðrum mjólkurilátum.

Öll herbergin, mjólkurkleri, flöskunarherbergi og þvottaherbergi skulu
vera vel útbúin að öllum frágangi og fyrirkomulagi, með fullkomnum tækjum
til að meðhöndla það mjólkurmagn, sem um er að ræða, enda skal þetta allt
samþykkt af viðkomandi héraðslækni og trúnaðarmanni mjólkursölunefndar.

66. gr.

Ef ástæða þykir til, getur mjólkursölunefnd leyft að barnamjólk sé ekki
flöskuð á framleiðslustaðnum. Þá skal kæla mjólkina ósíaða, og sé hún strax
að lokinni kælingu flutt til mjólkurbús, enda sé aðeins um stuttan flutning að
ræða. Þar skal hún síuð í sérstakri þrýstisíu og flöskuð með sérstökum tækjum,
án þess að blandast á nokkurn hátt annari mjólk búsins.

67. gr.

Barnamjólk skal ætíð komin í hendur neytenda áður en 20 klst. eru liðnar
frá mjöltun.

68. gr.

Fjós þau og heimili, er framleiða barnamjólk, skulu háð ½ mánaðar eftir-
liti dýralæknis og héraðslæknis. Ef einhver, sem í fjósinu vinnur, býr á öðru

heimili, skal eftirlit héraðslæknis einnig ná til þess heimilis. Skal það jafnan **22**
 fulltryggt, sem frekast má verða með ítarlegu lækni-seftirliti, að heimili þau **15. marz**
 er framleiða barnamjólk og heimili allra þeirra, er vinna að framleiðslu hennar,
 ar, fjósverkum, mjóltun, eða annari meðferð, séu algerlega laus við berklaveiki
 og aðra næma sjúkdóma. Allur kostnaður við eftirlit með framleiðslu barna-
 mjólkur, og gæðum hennar, greiðist af framleiðanda, nema öðruvísi séu um
 samið.

IX. KAFLI

Um mjólkursölunefnd.

69. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna nefnd, til eins árs í senn, í fyrsta sinn til 1. maí 1935, til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála, samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. og reglugerð þessari, nefnist hún mjólkursölunefnd. Nefndin skal skipuð þannig: Stjórn mjólkurbandalags Suðurlands tilnefnir 2 menn, skal annar tilnefndur af stjórnendum bandalagsins austan Hellisheiðar, en hinn af stjórnendum þess vestan heiðar. Samband ísl. samvinnufélaga tilnefnir 1 mann, bæjarstjórn Reykjavíkur 1 mann, Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 2 menn í nefndina, og skal hann skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur vikur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi tilnefndur á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Nú var-rækir einhver aðili að tilnefna í nefndina, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra mann eða menn í hans stað.

Fastir nefndarmenn séu búsettir í Reykjavík, eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti sótt fundi þar, þegar þörf krefur.

70. gr.

Störf mjólkursölunefndar eru aðallega þessi:

1. Að ákveða verðjöfnunarsvæði, sbr. II. kafla þessarar reglugerðar.
2. Ákvörðun verðjöfnunargjalds og yfirumsjón með innheimtu þess, sbr. III. kafla þessarar reglugerðar. Falið getur hún innheimtu verðjöfnunargjalds stjórnnum mjólkurbúa eða samsölu, eða hverjum öðrum, er hún telur bezt henta.
3. Að hafa yfirumsjón með verðjöfnunarsjóðum og ákveða uppbætur úr þeim, ef stjórn samsölu á verðjöfnunarsvæði kemur sér ekki saman um verðuppbætur, til hinna einstöku húa, á vinnslumjólk þeirra.
4. Að hafa eftirlit með mjólkurbúum, og að fyllstu hagsýni og sparnaðar sé gætt í rekstri þeirra. Getur nefndin takmarkað verðuppbætur til þeirra mjólkurbúa, sem hún telur hafa óhæfilega háan reksturskostnað.

- 22 15. marz
5. Að hafa yfirumsjón með samsölu mjólkur þar sem hún á sér stað. Nú verður ágreiningur á milli aðilja um skipun samsölustjórnar, skipting starfssvæða þeirra og starfsgreina, eða annað, er lýtur að skipulagningu mjólkurmála á verðjöfnunarsvæði, og sker þá mjólkursölunefndin úr.
 6. Að hafa eftirlit með því, að mjólkurvörur verði ekki fluttar til landsins, nema brýn nauðsyn beri til, enda sé allur innflutningur á þeim vörum í höndum mjólkursölunefndar.
 7. Að hafa eftirlit með öllu er þörf þykir viðvikjandi framleiðslu, meðferð, flokkun og sölu mjólkur og mjólkurvara, og hlutast til um að öllum ákvæðum þar að lútandi, sem sett eru í lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, og reglugerð þessari, eða sett kunna að verða á annan hátt, sé sem bezt framfylgt.

71. gr.

Skylt er mjólkurbúum og öllum öðrum, sem verzla með mjólk og mjólkurvörur að láta mjólkursölunefnd í té, og hverjum einstökum nefndarmanni, er kröfu kann að gera um það, allar upplýsingar og skýrslur, um rekstur sinn og allt er nefndinni þykir máli skipta um meðferð, flutninga og sölu mjólkur og mjólkurvara.

72. gr.

Mjólkursölunefnd heldur fundi eins oft og þörf krefur, en skylt er formanni að kalla saman fund hvenær sem 3 eða fleiri nefndarmenn óska þess skriflega. Fundir nefndarinnar eru lögmætir ef 4 nefndarmenn eru mættir og ræður einfaldur meiri hluti atkvæða afgreiðslu mála. Mæti nefndarmaður eða varamaður hans eigi á þremur formlega boðuðum fundum í röð, skal útnefning manna í þeirra stað fara fram að nýju. Á fundum nefndarinnar skal færa greinilega gerðabók, er sýni allar afgreiðslur mála og ályktanir.

73. gr.

Þóknun til mjólkursölunefndar skal að $\frac{3}{4}$ hlutum greidd úr verðjöfnunarsjóðum, í réttu hlutfalli við tekjur þeirra, og að $\frac{1}{4}$ hlutum úr rikissjóði, og sé þóknunin ekki hærri en kr. 10 til hvers nefndarmanns fyrir hvern dag, sem hann er á nefndarfundi. Annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum.

X. KAFLI

Um flokkun mjólkur og rjóma o. fl.

74. gr.

Öll mjólk, sem viðurkennd mjólkurbú taka á móti til sölu eða vinnslu, skal athuguð við móttöku og metin eftir gæðum. Mjólk frá hverjum einstökum

framleiðanda skal fitumæld og gæðareynd (Reduktase-reynd með aðferð próf. 22
Orla Jensen og Barter) einu sinni í viku. Fitumælingin skal framkvæmd á 15. marz
þann hátt, að tekið er daglega eða eigi sjaldnar en þrisvar í viku 10 cm³
sýnishorn af mjólk hvers framleiðanda og fitumagn þeirra sýnishorna rann-
sókuð vikulega svo rannsóknin sýni greinilega meðalfitumagn þeirrar mjólk-
ur, er viðkomandi framleiðandi hefir látið í búid.

75. gr.

Við Reduktase-reynsluna skal flokka mjólkina í 4 flokka og skal verð
það, er framleiðendur fá greitt fyrir mjólkina ætíð að nokkru leyti miðað
við þá flokkun, þannig að 3. flokks mjólk sé reiknuð að minnsta kosti einum
eyri verðminni en 1. og 2. flokks mjólk, og 4. flokks mjólk að minnsta kosti
tveimur aukum verðminni hver litri en 1. og 2. flokks mjólk. Flokkun sú og
verðreikningur, er fram kemur við Reduktase-reynslu, skal gilda vikulangt, eða
fyrir fjórðung þess mánaðar, sem um er að ræða, og fyrir alla þá mjólk, er
viðkomandi framleiðandi lætur í búid á þeim tíma.

76. gr.

Mjólkurbú skulu gæta þess, eftir því sem frekast er unnt, að selja eigi sem
neyzlumjólk aðra mjólk en þá, sem samkvæmt Reduktase-reynslu kemur í 1.
og 2. flokk, og með öllu er bannað að selja mjólk þá, sem vitað er eða grunur
leikur á, að komi í 4. flokk sem neyzlumjólk.

77. gr.

Öll mjólk og rjómi, sem afgreidd er frá mjólkurbúum, skal vera með
ákveðnu lágmarks fitumagni, og skal það ávallt tilgreint, þannig, að kaup-
endum og neytendum sé kunnugt um hvaða fitumagn eigi að vera í mjólk
þeirri og rjóma, sem kemur frá viðurkenndum mjólkurbúum.

Séu seldar fleiri tegundir af rjóma, með mismunandi fitumagni, skal
skilgreina þær með ákveðnum nöfnum eftir því sem við á.

78. gr.

Mjólkursölunefnd getur sett mjólkurbúum og samsölum nánari reglur
um flokkun mjólkur og rjóma, flokkun á nýju skyri o. fl. mjólkurvörum, eftir
því sem aðstæður leyfa og ástæða þykir til. Hún gerir þær ráðstafanir, er
þurfa þykir til þess að samræma sem best greiðslureglur hinna ýmsu mjólkur-
búa, samkvæmt gæðum mjólkur og fitumagni. Um þessi atriði skal mjólkur-
sölunefnd leita tillagna mjólkurbússtjórnanna og getur hún kallað þá saman
til fundar til að ræða þau, og koma fram með tillögur til ákvarðana.

XI. KAFLI

Refsiákvæði.

79. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, og öðrum fyrirmælum er sett verða samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., varða sektum frá kr. 10.00 og allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

Mjólk eða mjólkurvörur, sem ráðstafað er gagnstætt ákvæðum laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. og reglugerð þessari, skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Stjórnendur flutningstækja, sem flytja visvitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurvörur inn á sölusvæði, skulu sæta sektum fyrir brotið.

Ákvæði um stundarsakir.

Fyrst um sinn, til 1. maí 1935, skal stjórn samsölunnar á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar vera í höndum mjólkursölunefndar. Nú kemst á samkomulag milli mjólkurbúanna og félaga framleiðenda á þessu svæði um að taka stjórn samsölunnar í sínar hendur, og skal þeim það heimilt, ef samþykki landbúnaðarráðherra kemur til, enda sé stjórn samsölunnar valin samkvæmt reglum, er ráðherra hefir samþykkt. Að öðrum kosti fer mjólkursölunefnd með þessi mál þangað til samkomulag þetta hefir komizt á, að dómi landbúnaðarráðherra.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld bráðabirgðareglugerð um sama efni frá 15. janúar 1935.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. marz 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.